

## Sigurbjörg Hannesdóttir

Á mínum menntaskólaárum heyrði ég um iðjuþjálfun og það vakti fljótt áhuga minn. Ég útskrifaðist úr Menntaskólanum í Reykjavík 1993 og ákvað að taka mér eitt ár í að hugsa um hvað ég vildi læra og “verða”. Á þessum tíma var ekki hægt að læra iðjuþjálfun á Íslandi og það var stórt skref að flytja til útlanda og hefja nám. En árið 1996 ákvað ég að flytja til Esbjerg á Jótlandi, Danmörku, og hóf nám í iðjuþjálfun í janúar 1997. Ég fann mig mjög vel í náminu og að nú var ég á réttri hillu og útskrifaðist 1999.

Eftir útskrift prófaði ég sitt lítið af hverju. Ég vann sem iðjuþjálfari í afleysingum á spítalanum á Borgundarhólmi í tvo mánuði, flutti til Íslands og vann sem iðjuþjálfari í afleysingum á Reykjalundi, geðdeild LSH og á Landakoti. Mér fannst mjög gott að prófa marga staði og sjá hve fjölbreytt iðjuþjálfar starfa.

Árið 2002 flutti ég til Kaupmannahafnar og hóf störf sem iðjuþjálfari á Amager hospital. Vann þar á dagspítala og á öldrunardeild. Það var mjög reynslumikill tími fyrir mig og ég naut þess að vinna í stórum hóp af iðjuþjálfum. Þar fékk ég reynslu í t.d. endurhæfingu, heimilisathugunum og útskriftum sjúklinga.

Svo kom heimpráin aftur og ég flutti til Íslands 2004 og hóf störf á Hrafnistu í Reykjavík. Ég var fyrsti iðjuþjálfinn sem hóf störf þar og við tók mikið mótunarstarf. Að finna flöt fyrir iðjuþjálfun á stóru hjúkrunarheimili. Þetta er mjög krefjandi og spennandi verkefni þar sem þörfin fyrir hugmyndafræði iðjuþjálfara er mikil.

Ég ákvað einnig að taka virkan þátt í félagsstörfum Iðjuþjálfafélagsins og bauð mig fram í stjórn Iðjuþjálfafélagsins 2004 og er ritari stjórnar. Að vera í stjórn IPÍ hefur verið mjög gagnlegt, þar finnst mér ég hafa lært mikið sem hefur nýst mér í starfi sem iðjuþjálfari og stjórnandi.

Árið 2006 fann ég fyrir þörf til að læra meira. Það var í boði nýtt nám hjá Endurmenntun Háskóla Íslands fyrir heilbrigðisstarfsmenn—Hugræn atferlismeðferð. Námið tók rúmt ár og ég útskrifaðist í október 2007.

Það er alltaf gaman að vera iðjuþjálfari því við hugsum öðruvísi og getum nýtt okkar þekkingu á svo mörgum sviðum. Ég er mjög stolt af því að vera iðjuþjálfari og sé ekki eftir vali mínu á námi.

